



HÚSAVÍKURBÆR

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1121  
komudagur 2.3.2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík, 28. febrúar 2006  
Tilvísun: 2006020030/01-02-600


**Efni: Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga**

Bæjarráð Húsavíkurbæjar hefur tekið fyrir erindi menntamálanefndar, sbr. bréf dags. 13. febr. s.l. og falið undirrituðum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á grundvelli minnisblaðs framkvæmdastjóra Fjölskyldu- og þjónustusviðs sveitarfélagsins sem lá frammi á fundinum.

Með vísan til ofanritaðs er eftirfarandi atriðum komið á framfæri:

- Frumvarpið er til þess fallið að efla og styrkja æskulýðsstarf og skýra umgjörð um þann málaflökk. Sérstaklega er því fagnað að hlutverk Æskulýðsráðs er skýrt frá fyrri lögum. Einnig er tilkoma Æskulýðssjóðs fagnaðarefni.
- Í 2. gr. er nauðsynlegt er að skýra enn frekar til hvaða starfsemi lögin ná og þá ekki síst vegna ákvæða 10. greinar. Teljast t.d. starfsmenn íþróttamannvirkja sem sinna baðvörslu á þeim tíma sem æfingar á vegum íþróttafélaga fara fram í húsinu falla undir lög um æskulýðsmál?
- Ákvæði 10. gr. 3. málsg. ganga lengra en ákvæði samsvarandi greinar í barnavemdarlögum en þar er einungis kveðið á um að ekki megi ráða til starfa þá sem gerst hafa brotlegir við XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisafbrot. Með því að taka inn brot á lögum um ávana- og fíkniefni eru settar nokkuð þröngar skorður. Umhugsunar vert er hvaða áhrif það hefur á ýmsa fræðslu þar sem fyrirverandi fíklar og menn sem í fortíðinni hafa hlotið dóm eru oft í lykilhlutverkum í fræðslu og forvarmarstarfi.

Með vinsemd og virðingu,  
Húsavíkurbær

Bæjarstjóri  
  
Reinhard Reynisson